

## Bosnía og Hersegóvína á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skaða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og ganga úr skugga um að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum auk þess að til staðar séu úrræði ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til forgangsmeðferðar, sbr. 29. gr. laganna, en sérstakt mat á því hvort umsókn eigi undir slíka málsmeðferð sem og mat á málsatvikum í hverju máli fyrir sig fer ávallt fram.

Frá árinu 2014 hafa 11 aðilar sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi þar af sóttu 8 aðilar um alþjóðlega vernd árið 2017.

Ríkið Bosnía og Hersegóvína er sett á lista Útlendingastofnunar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda kveða á um að Bosnía og Hersegóvína sé lýðræðisríki og þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Þá eru grundvallarmannréttindi einnig almennt virt.
  - a. Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnmalaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Bosníu og Hersegóvínú sem og önnur landslög banna mismunun á grundvelli fyrrgreindra ástæðna. Þrátt fyrir framangreint þá þekkist mismunun á einstaka sviðum í Bosníu og Hersegóvínú, hins vegar benda landaupplýsingar um Bosníu og Hersegóvínú til þess að slík mismunun verði almennt ekki jafnað til ofsókna eða annar illrar meðferðar.
  - b. Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er almennt virt.
  - c. Bosnía og Hersegóvína hefur verið aðili að Genfarsáttmálanum frá árinu 1992 en með aðild að þeim sáttmála hefur ríkið skuldbundið sig til þess að senda ekki fólk þangað sem það kann að vera í hættu.<sup>1</sup>
2. Í Bosníu og Hersegóvínú er fullnægjandi vernd til staðar þar sem sjálfstæði dómstóla er almennt virt. Dómstólar, auk lögreglu og saksóknara, gæta að réttindum borgara

<sup>1</sup>United States Department of State: *Country Reports on Human Rights Practices for 2017 - Bosnia and Herzegovina*. Aðgengilegt á: <https://www.state.gov/documents/organization/277391.pdf>. United States Department of State: *2016 Report on International Religious Freedom - Bosnia and Herzegovina*, 15. ágúst 2017. Aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/country,,USDOS,,BIH,,59b7d8dbc,0.html>. Sjá einnig: Stjórnarskrá Bosníu og Hersegóvínú, 1995, með breytingum sem gerðar voru árið 2009. Aðgengilegt á: [https://www.constituteproject.org/constitution/Bosnia\\_Herzegovina\\_2009?lang=en](https://www.constituteproject.org/constitution/Bosnia_Herzegovina_2009?lang=en)

með ágætum hætti.<sup>2</sup> Þá er einnig starfandi sjálfstæður umboðsmaður mannréttinda í Bosníu og Hersegóvína sem hefur eftirlit með yfirvöldum.<sup>3</sup>

3. Bosníu og Hersegóvína er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum um verndun mannréttinda þ.á.m. mannréttindasáttmála Evrópu,<sup>4</sup> alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi<sup>5</sup> og samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<sup>6</sup>
4. Frá árinu 2003 hefur Bosnía og Hersegóvína verið skilgreint sem hugsanlegt umsóknarríki að Evrópusambandinu. Frá þeim tíma hafa margvíslegar úrbætur verið gerðar með samningum milli Bosníu og Hersegóvínu og Evrópusambandsins. Árið 2016 sótti Bosnía og Hersegóvína síðan formlega um aðild að Evrópusambandinu og er umsókn þeirra nú í ferli.<sup>7</sup>
5. Ríkisborgurum Bosníu og Hersegóvína stendur nauðsynleg heilbrigðisþjónusta til boða. Þá er einnig í gildi sjúkratryggingakerfi sem ríkisborgarar landsins hafa aðgang að og hafa val um að borga í. Heilbrigðisþjónusta í Bosníu og Hersegóvínu er ekki alfarið gjaldfrjál en einstaklingar gætu þurft að greiða lítið gjald fyrir þjónustuna. Ákveðnum hópum í Bosníu og Hersegóvínu, t.a.m. börn yngri en 15 ára, einstaklingar eldri en 65 ára, einstaklingar sem glíma við andleg veikindi, einstaklingar sem þiggja félagslegar bætur og einstaklingar sem glíma við illkynja sjúkdóma, er hins vegar tryggð endurgjaldslaus heilbrigðisþjónusta.<sup>8</sup>

Önnur Evrópuríki hafa sett Bosníu og Hersegóvínu á lista yfir örugg ríki t.d. Austurríki, Danmörk, Bulgaría, Tékkland, Frakkland, Þýskaland, Lúxemborg og Bretland. Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Bosnía og Hersegóvína á þeim lista.<sup>9</sup>

<sup>2</sup> Lifos: Bosnien-Herzegovina, *Rätts- och säkerhetssektorn*, 6. júlí 2014. Aðgengilegt á: <https://lifos.migrationsverket.se/dokument?documentAttachmentId=41198>

<sup>3</sup> United States Department of State: *Country Reports on Human Rights Practices for 2017 - Bosnia and Herzegovina*. Aðgengilegt á: <https://www.state.gov/documents/organization/277391.pdf>

Sjá einnig: The Institution of Human Rights Ombudsman of Bosnia and Herzegovina. Aðgengilegt á: <http://www.ombudsmen.gov.ba/Default.aspx?id=10&lang=EN>

<sup>4</sup> Council of Europe, *Chart of signatures and ratifications of Treaty 005*, aðgengilegt á <http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/005/signatures>

<sup>5</sup> United Nations. *Treaty Collection*. Aðgengilegt á [https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg\\_no=IV-4&chapter=4&lang=en](https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg_no=IV-4&chapter=4&lang=en)

<sup>6</sup> United Nations. *Treaty Collection*. Aðgengilegt á [https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg\\_no=IV-9&chapter=4&lang=en](https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=IV-9&chapter=4&lang=en)

<sup>7</sup> European Neighbourhood Policy And Enlargement Negotiations. Bosnia and Herzegovina. Aðgengilegt á: [https://ec.europa.eu/neighbourhood-enlargement/countries/detailed-country-information/bosnia-herzegovina\\_en](https://ec.europa.eu/neighbourhood-enlargement/countries/detailed-country-information/bosnia-herzegovina_en). Sjá einnig: Freedom House. *Nations in Transit 2017 – Bosnia Herzegovina*. Aðgengilegt á:


<sup>8</sup> Bundesamt für Migration und Flüchtlinge: *Country fact sheet, Bosnia and Herzegovina*, April 2016. Aðgengilegt á: [http://germany.iom.int/sites/default/files/ZIRF\\_downloads/2016/BiH\\_CFS\\_2016\\_EN.pdf](http://germany.iom.int/sites/default/files/ZIRF_downloads/2016/BiH_CFS_2016_EN.pdf)

<sup>9</sup> European Commission. *An EU „Safe Countries of Origin“ list*. Aðgengilegt á: <https://freedomhouse.org/report/freedom-world/2017/bosnia-and-herzegovina>

[http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2\\_eu\\_safe\\_countries\\_of\\_origin\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf) og Utlendingsdirektoratet. *Applying for protection (asylum) in Norway*. Aðgengilegt á: <https://www.udi.no/en/want-to-apply/protection-asylum/protection-asylum-in-norway/?c=bih>

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til fyrirliggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma og það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 2. júlí 2018



Kristín Völundardóttir, forstjóri